

## XII. KAFLI – Reglugerðir um Bikarkeppni

### a) Bikarkeppni SSÍ í sundi

#### 1. grein

Bikarkeppni SSÍ 1. og 2. deild skal haldin ár hvert og fer hún fram í 25 m eða 50m laug.

#### 2. grein

Liðum í keppninni er skipað í deildir með eftirfarandi hætti: Í 1. deild keppa 6 stigahæstu kvennalið og 6 stigahæstu karlalið frá bikarkeppni fyrra árs. Fjöldi liða í 2. deild ræðst af þátttöku. Stjórn SSÍ getur boðið b-liðum félaga til þátttöku í keppni í 2. deild þannig að keppni í deildinni sé fullskipuð. B lið geta ekki unnið sig upp um deild.

#### 3. grein

Lið tilkynna þátttöku í Bikarkeppni SSÍ með minnst 15 daga fyrirvara. Tilkynningin er bindandi. Sé b-liðum boðin þátttaka er það gert með minnst 10 daga fyrirvara. Með þátttökutilkynningu skal fylgja keppendalisti. Á listann eru skráðir keppendur félags þar með taldir varamenn. Félögum er heimilt að gera breytingar á keppendalista um leið og skráningum í greinar er skilað. Skráningum í greinar skal skila tveim sólarhringum fyrir upphaf mótis og skal framkvæmdastjóri eða formaður SSÍ gæta þeirra, en óheimilt er að birta þær öðrum fyrr en við upphaf hvernar greinar en þá verða þær birtar á upplýsingaskjá. Þó fá yfirdómari og þulur hvers mótshluta lista yfir keppendur mótshlutans og keppnisgreinar þeirra í hendur fyrir upphaf mótshlutans. Þeir skulu fara með listann sem trúnaðarmál.

#### 4. grein

Hvert lið má senda tvo keppendur í hverja grein og eina boðsundssveit í hvert boðsund. Hver keppandi má synda í mest þremur greinum auk boðsunda. Keppendur skulu vera 11 ára eða eldri á árinu. Keppt skal sérstaklega í kvenna- og karlaflokkum.

#### 5. grein

Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótisdaga og röð greina og tilkynnir skipulag mótisins og mótisstað með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

#### 6. grein

Í 1. og 2. deild er keppt í eftirfarandi greinum karla og kvenna:

Skriðsund 100, 200, 400,  
800 (eingöngu í kvennaflokki)  
og 1500m( eingöngu í karlaflokki)  
Bringusund 100 og 200m  
Flugsund 100 og 200m  
Baksund 100 og 200m  
Fjórsund 200 og 400m  
Boðsund 4x100m fjórsund  
4x100m skriðsund

#### 7. grein

Stig verði veitt samkvæmt gildandi stigatöflu FINA. Stigahæsta kvennalið og stigahæsta karlaliði 1. deild hljóta sæmdarheitið BIKARMEISTARI ÍSLANDS Í SUNDI í kvenna- og karlaflokkum og gripi þá sem keppt er um. Einnig skal verðlauna það lið sem hreppir 2. sætið í 1. deild. Á sama hátt skal verðlauna tvö efstu liðin í 2. deild. Veita skal viðurkenningu til stigahæsta kvennaliðs og stigahæsta karlaliðs keppinnar í hverri deild. Ef lið eru jöfn að stigum skulu úrslit úr boðsundum ráða sætaröðun þeirra. Ef lið eru enn jöfn skal hlutkesti ráða röð liða.

**8. grein**

Gerir sundmaður/sundmenn ógilt fer fram aukariðill í viðkomandi grein fimm mínútum eftir að boðsundi þess mótshluta lýkur og keppir þá varamaður/varamenn í stað þess sundmanns/sundmanna sem ógilt gera. Aukasund skal synda samkvæmt þessu ákvæði þótt fram hafi komið kæra sem véfengir ógildingarúrskurð. Niðurstaða mótsstjórnar /úrskurðaraðila skal liggja fyrir við mótslok í öllum tilfellum og liggja til grundvallar staðfestum úrslitum mótsins.

**9. grein**

Tæknifundi skal halda í samræmi við gildandi reglur.